

Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Þuríður María Guðmundsdóttir
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 30. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0038
MH

Efni: Skipulagslýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – Álfsnes, Esjumelar

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 18. júlí 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um verkefnislýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 í tengslum við endurskilgreiningu iðnaðar- og athafnasvæða á Álfsnesi og Esjumelum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna. Að mati stofnunarinnar er jákvætt að á athafnasvæði AT5a-b á Esjumelum verði þess gætt að iðnaðarlóðir verði ekki staðsettar næst hverfisvernduðu votlendissvæði. Á iðnaðarsvæði I6, Álfsnesvík, verða metnar forsendur þess að stækka svæðið með frekari landfyllingu eða stækkun til norðurs á núverandi landi. Landfyllingar eru stórtækar framkvæmdir sem valda óafturkræfu raski á haf- og strandsvæðum og þar með búsvæðum lífvera og landslagi, sem og tímabundinni mengun og ónæði fyrir lífríki á framkvæmdatíma. Brýnt er að meta þessi áhrif í Álfsnesvík og sjá til þess að lágmarka allt rask strandlínunnar eins og kostur er, ekki síst þar svæðið er skammt frá svæðum á B- og C-hluta náttúru-minjaskrár:

Við Álfsnes sunnanvert er Leiruvogur sem er á B-hluta náttúru-minjaskrár. Svæðið einkennist af grunnsævi og víðáttumiklum leirum og er afar mikilvægt fyrir fugla á öllum árstímum, einkum á fartíma margæsa á vorin og fæðusvæði fyrir sendlinga að vetri og ná tegundirnar þá alþjóðlegum verndarviðmiðum. Á móts við iðnaðarsvæði I6, Álfsnesvík, er Þerney sem er á C-hluta náttúru-minjaskrár vegna fuglalífs.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna en áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur